

Þetta er eigi látið hjá líða hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra **132**
landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutaðeigendum. 6. nóv.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að afmá áritunir á skulda- **133**
brjef, sem eru eigu sveitarfjelaga.—Með þóknanlegu brjefi 16. f. m. hafið þjer, herra 6. nóv.
landshöfðingi, sent hingað uppsegjanlegt konunglegt skuldabryef nr. 63, að upphæð 100
rdl., tilheyrandi Fljótsdalshreppi og farið þess á leit, að sölubannsáritun hins danska
kansellís á skuldabryefið, verði afmáð, og um leið spurzt fyrir um, hvort landshöfðinginn
gæti eigi afmáð slíkar áritanir, samkvæmt 20. gr. samanborinni við 2. gr. í auglýsingu
um verksvið landshöfðingja 22. febr. 1875.

Í tilefni af þessu, skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður um leið
og nefnt skuldabryef endursendist eptir að sölubanns-áritunin hefur verið afmáð, að ráðgjaf-
inn verður að vera þeirrar skoðunar, að landshöfðinginn hafi heimild til, samkvæmt
nefndri auglýsingu, með hliðsjón af 12. gr. hennar, að afmá sölubanns-áritanir á skulda-
bryef, sem eru eign sveitarfjelaga, ef áritanirnar eru eptir stjórnarvöld, sem hafa átt að
hafa það eptirlit með sveitarfjölögunum, sem nú hvílir á landshöfðingja.

Reikningur

134

fyrir styrktarsjóð Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1885 til 31. ágúst 1886.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar 1. september 1885:		
a. Innritunarskírteini og konunglegt skuldabryef . . .	kr. 8600,00	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 145,74	
c. Í peningum	— 24,00	kr. 8769,74
2. Vextir til 11. júní 1886 af innstæðu sjóðsins:		
a. Af innritunarskírteini og konunglegu skuldabryefi . .	kr. 344,00	
b. Af fje í sparisjóði Reykjavíkur	— 5,69	kr. 349,69
	Samtals	kr. 9119,43

Gjöld.

1. Heiðursgjafir veittar:		
a. Guðbrandi bónda Sturlaugssyni á Hvítadal í Dalasýslu	kr. 160,00	
b. Þorkeli bónda Jónssyni á Ormsstöðum í Árnessýslu .	— 160,00	kr. 320,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1886:		
a. Innritunarskírteini og konunglegt skuldabryef . . .	kr. 8600,00	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 199,43	— 8799,43
	Samtals	kr. 9119,43

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 26. oktr. 1886.

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.